

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
Reykjavík, 05. desember 2006

Efni: Umsögn RARIK um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörugjald, virðisaukaskatt o.fl. 416. mál.

RARIK leyfir sér hér með að senda efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um ofangreint frumvarp, þrátt fyrir að þess hafi ekki verið óskað af hálfu nefndarinnar, en RARIK telur brýnt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

Breyting á virðisaukaskatti hefur verið baráttumál RARIK nokkuð lengi. Stafar það fyrst og fremst af því að núverandi kerfi er allt of flókið til að vera ásættanlegt. Viðskiptavinir RARIK búa við mjög mismunandi virðisaukaskattsstig, allt eftir því í hvað verið er að nota orkuna. Af almennri raforkunotkun er greiddur 24,5 % virðisaukaskattur(vsk), af húshitun er reiknaður 14% vsk og svo er gefin 63% endurgreiðsla af honum og þá greiddur 5,18% vsk. Hjá hitaveitum er mismunandi afsláttur. Þannig eru 4 mismunandi virðisaukaskattsstig (eftir endurgreiðslu) fyrir þær 5 hitaveitur sem nú eru í eigu RARIK. Þetta hefur skapað ómælda vinnu við reikningagerð fyrirtækisins, en ekki síður ómæld heilabrot og fyrirspurnir frá viðskiptavinum.

Mikill kostur væri ef þetta kerfi yrði einfaldað. Það er vissulega til bóta ef virðisaukaskattur á hitun er lækkaður í 7 %, að því gefnu að afslættir verði þá felldir niður, en þá væru virðisaukaskattstigin eftir endurgreiðslu komin niður í tvö. Það væri þó gríðarleg bót af því að sami virðisaukaskattur væri á allri orku og reyndar í samræmi við þann tilgang nýrra raforkulaga að við verðlagningu skuli ekki gera greinarmun á því í hvað orkan er notuð, heldur hvernig og hvenær hún er notuð.

Lækkun virðisaukaskatts á allri raforkusölu í 7% mun hafa margvísleg áhrif. Mikilvægast er að innheimta virðisaukaskatts verður þá vel framkvæmanleg og þægileg gagnvart viðskiptavinum. Núverandi ástandi er vart hægt að lýsa, strangt til tekið, nema með orðunum óframkvæmanlegt – nema með miklum og stöðugum kostnaði.

Um mörg þúsund orkumæla er raforka til almennra nota og rafhita seld sammæld. Eftir að sérstakir (lægri) taxtar fyrir slíka sammælda notkun voru aflagðir, við gildistöku raforkulaganna, hefur verið gripið til þess ráðs að telja 85% orkunnar um slíka mæla vera rafhitun og 15% almenna notkun. Þetta þýðir að virðisaukaskattur er í raun vitlaust afgreiddur á svo til alla viðskiptavini, því fæstir liggja nákvæmlega á þessum mörkum.

Málið er margþætt, en hér verður tæpt á nokkrum þáttum:

- Að fara út í sérmælingar á hita og almennri notkun er útilokað vegna kostnaðar og óþæginda (að stærstum hluta sveitabýli og sumarbústaðir).
- Eftirlit með því hvar hvar rafhitun er og hvar ekki, og að viðhalda slíkum upplýsingum, er mjög erfitt og kostnaðarsamt (enda ekki í gangi).
- Að koma á reikningsgerð samkvæmt núverandi flækjum virðisaukaskattskerfisins hefur þegar valdi ótrúlegum aukakostnaði og ekki er lát á því. Við alla framþróun hugbúnaðar þarf sífellt að kaupa dýrar sérlausnir vegna þessarar séríslensku aðferðar.

- Framsetning orkureikninga, með þeim hætti að viðskiptavinurinn geti auðveldlega skilið þá, er mjög erfið ef miðað er við að öllum upplýsingum sé þar til skila haldið. Þarna er auðveldara um að tala en í að komast – eins og margir hafa reynt.

Einföldun, gagnsæi og lækkun kostnaðar mun leiða af einu virðisaukaskattsþrepi á alla raforkusölu og afnámi endurgreiðslna. Það væri mikill kostur og full ástæða til að skoða hvort það kostar ríkissjóð svo mikla fjármuni að það réttlæti að viðhalda því flókna kerfi sem við nú búum við.

Virðingarfyllt
Tryggvi Þ. Haraldsson
RARIK